

Fundargerð

Fundarstaður: Árnes

Tími: 12.30-13.30

Fundinn sátu:

Fjarverandi:

Einar Bjarnason, Hrönn Konráðsdóttir,
Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir

Rafnar Lárusson, Ármann Guðmundsson
og Harpa Dís Harðardóttir - Varamenn

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Heimasíða

Farið var yfir útlit á heimasíðu og rætt um möguleikann á að setja upp bókunarsíðu, þannig að það sé hægt að kaupa miða á netinu, jafnvel með 10% afslætti. Þetta verður skoðað betur fyrir næsta sumar.

2. Framkvæmdir á stafni

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir á stafni um miðjan júlí. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði unnin á opnunartíma Þjóðveldisbæjarins. Kristín Elíasdóttir sér um framkvæmdir. Frekar óljóst hversu mikill kostnaðurinn verður.

3. Leikmunir

Á fundinum komu eftirfarandi tillögur varðandi hvernig er hægt að gera bæinn skemmtilegri og hlutir sem hægt væri að skoða betur til að selja í framtíðinni

- ❖ Verkfæri til yrkju – reka, skera torf – Hrönn skoðar og sendir okkur hugmyndir
- ❖ Tréskilti – má máta fót (rúnastafir í anda logo) - Guðrún
- ❖ Tréskildi – til að hengja upp á vegg og til að selja - Guðrún
- ❖ Tré sverð – bæði leikmunir og til að selja - Guðrún
- ❖ Einhverja litla muni til að selja – Hrönn skoðar hvað selst mest af í Þjóðminjasafninu og hvað það kostar
- ❖ Veggteppi – herma eftir einhverju öðru – Ásdís sjá video - Guðrún
 - Röggvarfeldur
- ❖ Eldiviður – hlaða upp stafla – Einar ræðir við Skógrækt
- ❖ Líkneski – Guðrún ath stöðuna hjá Benedikt
- ❖ Ath hvar kistan? Setja hana á réttan stað - Guðrún
- ❖ Kertahöldur – hvar eru þau – Guðrún athugar



4. Viðburður

Rætt um að Áttu forngrip væri kannski haldið annað hvert ár. Hugmyndir komu um að halda viðburð í ágúst t.d um miðjan mánuðinn. Þarf aðeins að hugsa þemað fyrir hann. Það kom hugmynd um að fá Ragnheiði til að vera með fyrirlestur – ath. hvort að það er hægt að sýna eitthvað, þyrftum þá að græja myndvarpa og tjald. Hugmyndir komu líka upp um að hafa mat úr héraði, setja upp tjöld og bjóða upp á smakk. Viðburðurinn gæti heitið *Fyrr og nú*. Fá jafnvel Skógræktina í samstarf. Einnig var rætt um að hafa þemað allskonar atvinnulíf. Einar ætlar að tengja Guðrúnu við konu sem er öflug í menningarfélaginu.

Rætt var líka um hvort að það væri sniðugt að setja upp leiksýningu t.d. um Gauk á Stöng.

Fleira var ekki rætt.
Fundi slitið kl. 13:30
Fundarritari: GÓB

Commented [GÓB1]: Man ekki nafnið